

at hún raknar við, segir hún vitrun sína Guðmundi Arasyni, sem þá var prestur. Fjandar grípa hana og diaga yfir hraun og klungur, „en þar er þau fóro sá hon kvalar margar ok menn í kvölkunum; en þeir fóro með hana, unz þeir kómu at þar hon sá fire sér því líkast sem være ketill mikill, eðr pyttr djúpr ok viðr ok í bik vellanda, en umhverfis eldr breunande. Þar sá hon marga menn, bæðe lifendr[!] ok dauða, ok hon kende suma þar. Hon sá þar alla nær höfðingja ólérða, þá er illa fóro með því valde er þeir höfðo“. [Þess vegna varð líka að sjá þar „lifendr“; annars hefði Guðmundi presti verið minni hjálp í vitruninni].

Púkarnir ætla nú að steypa Rannveigu í pyttinn vellandi fyrir saurlisnæd hennar og önnur afbrot, og fær maður þar að vita, að púkar geta verið eins fullir vandlætingar eins og guðhræddustu menn. (Trúvendararnir (inkvisitorarnir) hafa aftur sýnt, að guðbraæddustu menn geta á stundum haft gaman af að haga sér eins og púkar, kvalið menn á allar lundir og loks dregið þá á bál). En fyrir tilstyrk helgra manna bjargast Rannveig og fær að eins nokkrar slettur. Miðar síðari hluti vitrunarinnar að því að sýna hverjir helgastir hafi verið af biskupunum og svo að því hvílíkur dýrðarmaður sé Guðmundur prestur Arason, og er spáð, að hann muni verða mestur „upphaldsmaðr lande þesso“ með bænum sínum. Guðmundur góði var yfir höfuð miðög vinsæll af kvennþjóðinni.

Þessi vitrun—og aðrar líkar—hefir nú sjálfsgagt styrkt miðög kristnina, bæði beinlínis, með því að auka mönnum ótta við helvíti, og eins óbeinlínis, með því að efta trúna á heilagleika þeirra, sem síðar urðu dýrðlingar.

(Niðurlag.)

**HEIMIR** kemur út 12 sinnum á ári, 24 bls. í hvert sinn, og kostar einn dollar árgangurinn.—Afgreiðslustofa og skrifstofa blaðsins verður framvegis í nýju Heimishbyggingunni austan við Unitarakyrkjuna, á suðausturhorninu á Sherbrooke og Sargent stratum, (582 Sargent Ave.) Winnipeg Man.

Ritstjóri: Rögnvaldur Pétursson, Winnipeg.

Prentari: Gísli Jónsson, Winnipeg Man.